

20. Frumvarp til laga

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforráði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta :

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að samkvæmt nýlega uppkveðnum hæstaréttardómi verði ekki annað talið óhætt en að veita kaupendum veðsettra fasteigna, sem seldar eru á nauðungarupphóði samkvæmt 10. gr. tilskipunar um fjárforráði ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847, 3 mánaða gjaldfrest á helmingi kaupverðsins og 6 mánaða gjaldfrest á hinum helmingnum, en slíkur frestur sé bæði óþarflega langur og bagalega langur eins og nú er komið veðmálum hér á landi og þurfi því að lagfæra þetta hið fyrsta. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar þessu til lagfæringar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum :

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforráði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll. 12. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.